

### 3. kafli: Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu

#### I. Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu yfir landamæri

1. Í hvaða íslenskum lögum er neðangreind gerð um þjónustu tekin upp? Látið vinsamlegast í té öll viðeigandi tilvísunar- og stjórnartíðindanúmer:  
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögverndun þjónustu sem er byggð á, eða er fólgin í, skilyrtum aðgangi:

| TILSKIPUN   | Stjórnartíðindi EB                  | Tilskipun innleidd með:                                   | Tilvísun í breytt lög   |
|---|-------------------------------------|---|---|
| Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/84/EB frá 20. nóvember 1998 um lögverndun þjónustu sem er byggð á, eða er fólgin í, skilyrtum aðgangi. | L 320, 28.11.1998 bls. 0054 - 0057. | Lög um breytingu á útvarpslögum nr. 68/1985, nr. 98/1995. | Útvarpslögin nr. 53/2000 ( j-liður 2. mgr. 28 gr. & 33. gr.). |

#### 4. Hvaða undanþágur eða aðlaganir, ef einhverjar, hefur Ísland frá gerðinni? Hvaða rökstuðningur liggur að baki þeim undanþágum/aðlögunum?

Engar undanþágur hafa verið veittar eða aðlaganir gerðar.

#### 5. Hefur Ísland átt í einhverjum erfiðleikum við lögleiðingu EES-skuldbindinga á þessu sviði?

Nei

#### 6. Vinsamlegast skýrið ítarlega frá hvers kyns málsmeðferð vegna brota sem stofnað hefur verið til gegn Íslandi á þessu sviði.

Ekki hefur verið stofnað til neinnar málsmeðferðar gegn Íslandi vegna brota varðandi þetta málefni.

#### 7. Undir hvaða íslensk ráðuneyti (eitt eða fleiri) heyrir löggjöf í þessum málaflokki? Hver er stærð þeirra deilda er sjá um það?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

## **8. Sjá einhverjar ríkisstofnanir eða önnur yfirvöld um stjórnsýslu á þessu sviði? Hver er stærð þeirra?**

Útvarpsréttarnefnd. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar þrjá nefndarmenn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og er varamaður formanns jafnframt varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

### **III. GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á STARFSMENNTUN OG HÆFI**

#### Spurningar sem varða tilskipun 2005/36/EB

#### **18. Lögleiðing tilskipunar 2005/36/EB: Í hvaða íslenskum lögum er tekin upp framangreind gerð um lögverndaðar starfsgreinar (með áorðnum breytingum)? Látið vinsamlegast í té allar viðeigandi tilvísanir og tilvitnanir í Stjórnartíðindi.**

Alþingi Íslands samþykkti vorið 2009 þingsályktun er heimilaði ríkisstjórninni að staðfesta fyrir hönd Íslands ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2007 um að fella framangreinda tilskipun inn í EES-samninginn. Mennta- og menningarmálaráðherra mun haustið 2009 mæla fyrir nýju lagafrumvarpi um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfsréttinda er lögleiðir tilskipun 2005/36/EB. Um leið verða gerðar breytingar á annarri löggjöf er fjallar um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi.

Evrópusambandsreglur er breyta viðaukum við tilskipun 2005/36/EB eru ekki teknar upp í löggjöf, heldur er óbeint vitnað til þeirra í viðeigandi löggjöf þannig að ekki þurfi að breyta lögum í hvert sinn sem ný reglugerð er tekin upp.

#### **19. Nákvæmleg hver er staða löggjafarinnar? Eru einhver lög sem hafa ekki verið tekin upp, annað hvort að hluta eða að öllu? Hvaða ástæða liggur að baki því að ekki hefur verið tekið upp að fullu?**

Lögleiðing tilskipunar 2005/36/EB hefur tafist síðan ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var samþykkt, einkum vegna annarrar löggjafar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis. Á árunum 2007-2008 fór fram yfirgripsmikil endurskoðun allrar löggjafar um fræðslumál, frá leikskólamenntun til æðri menntunar, og fóru starfskraftar ráðuneytisins að mestu í hana.

#### **20. Hvaða undanþágur eða aðlaganir, ef einhverjar, hefur Ísland frá gerðinni? Hvaða rökstuðningur liggur að baki þeim undanþágum/aðlögunum?**

Ísland hefur hvorki undanþágur né aðlaganir er tengjast þessari tilskipun.

**21. Hefur Ísland átt í einhverjum erfiðleikum við lögleiðingu EES-skuldbindinga á þessu sviði?**

Ísland hefur ekki rekist á nein sérstök vandamál í tengslum við lögleiðingu tilskipunarinnar.

**22. Vinsamlegast skýrið ítarlega frá hvers kyns málsmeðferð vegna brota sem stofnað hefur verið til gegn Íslandi á þessu sviði.**

Ekki hefur verið stofnað til neinnar málsmeðferðar gegn Íslandi vegna brota í tengslum við tilskipunina.

**23. Undir hvaða íslensk ráðuneyti (eitt eða fleiri) heyrir löggjöf í þessum málaflokki? Hver er stærð þeirra deilda er sjá um það?**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur umsjón með helstu löggjöf er varðar viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Í deildum er sjá um það starf vinna alls 6 starfsmenn.

**24. Sjá einhverjar ríkisstofnanir eða önnur yfirvöld um stjórnslu á þessu sviði? Hver er stærð þeirra?**

Einungis ráðuneyti fara með stjórnslu sem varða starfsgreinar.

---